um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum. Í upphafi kom fram eindregin ósk innan nefndarinnar um, að frv. yrði vísað til umsagnar náttúruverndarráðs og forstöðumanns náttúrugripasafnsins, enda þótt umsagnir beggja þessara aðila bærust til Alþingis um frv. um loðdýrarækt, er lá fyrir síðasta þingi.

Nefndin varð við þessari ósk, og umsagnir hafa nú borizt frá báðum þessum aðilum að nýju. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins og klofnaði. Munu 3 nm. skila séráliti, en þeir lýstu sig andvíga frv.

Við meðferð málsins á síðasta Alþingi leitaði landbn. Nd. umsagnar búnaðarþings, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og veiðistjóra. Komu ekki fram tilmæli innan nefndarinnar um að leita umsagnar þessara aðila að nýju, þar sem svo skammt var liðið, frá því að þær bárust. Í nefndaráliti meiri hl. landbn. síðasta þings segir svo um álit þessara aðila:

„Umsagnir hafa borizt frá þeim öllum, og má segja, að þær séu allar jákvæðar, þótt misjafnlega sé. Nokkrar bendingar koma fram um breyt. á frv., sem nefndin hefur athugað, en meiri hlutinn telur ekki ástæðu að beita sér fyrir að þessu sinni. Eru þær jafnt fyrir því til athugunar og leiðbeiningar við framkvæmd laganna, sem þær einkum snerta."

Náttúruverndarráð vitnar í svari sínu til umsagnar ráðsins frá 5. maí s. l., er þá var sent Alþingi. Eru allir ráðsmenn að einum undanskildum mótfallnir frv. Í svari forstöðumanns náttúrugripasafnsins, sem einnig er andvígur frv., enda einn af fulltrúum í náttúruverndarráði, eru ýmsar hugleiðingar um minkaeldi og loðdýrarækt. Er þar af talsverðri fimi útlistað um hugsanlega hættu af blöndun nýrra afbrigða við villiminkinn, sem fyrir er í landinu, og enn fremur er því haldið fram, að villiminkurinn hér fari að verða skaðlítill. Vafalaust má á ýmsa vegu stilla upp myndum af hugsanlegum fyrirbærum í lífi minksins í landinu á næstu árum, bæði án nýrrar blöndunar og með henni. Tilgangur minkaeldis í búrum er ekki sá að blanda honum villtum við þann mink, sem fyrir er í landinu, enda þótt engum detti í hug að fullyrða, að ekki kunni dýr að sleppa úr haldi. Hitt er víst, að minkaeldi með sem verðmætustum felddýrum verður því aðeins sett á stofn, að vandlega sé frá loðdýragörðunum gengið. Fer þar saman skylda ráðuneytisins um eftirlit og hagsmunir ræktunarmanna að tapa ekki hinum verðmætu dýrum né baka sér viðurlög.

Í lok umsagnar sinnar gerir dr. Finnur þá till., að verði minkaeldi leyft, þá yrði helzt leyft eitt bú í Vestmannaeyjum sem reynslubú. Rökstyður hann það með einangrun eyjarinnar annars vegar og með mergð fæðuefna fyrir minkinn. Þessi till. er athyglisverð. En við hana er þó það að athuga, að Vestmannaeyjar eru að líkindum ekki heppilegur staður til þessa eldis vegna rakrar veðráttu, sem áhrif hefur á feldinn. Beztur feldur er talinn fást í þurrviðrabyggðum. Eru að því leyti beztu skilyrðin norðanlands. Skynsamlegt virðist, að þau 5 fyrstu bú, sem ráðgerð eru, séu staðsett þannig, að þessi tvenn höfuðskilyrði njóti sín sem bezt: hagstæð veðrátta og gnægð fiskúrgangs í nágrenninu. Þrátt fyrir það að Vestmannaeyjar uppfylla að líkindum illa annað skilyrðið, þá gera þær það því betur með hitt.

Þetta frv. byggir trú á atvinnugrein, sem er umtalsverður þáttur í verðmætaöflun nágrannaþjóða okkar. Náttúrleg skilyrði eru hér í bezta lagi. Við trúum því einnig, að framtak og dugur okkar sjálfra bregðist ekki fremur í þessu efni en öðrum á atvinnusviðinu, sem framfarasaga okkar síðustu áratugina vitnar svo vel um. Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Síðasta málsgrein: „Leyfi til minkaeldis" o. s. frv. falli niður.
2. Við 8. gr. Greinin falli niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða: Aftan við bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Leyfi þessi má þó aðeins veita í byggðarlögum, þar sem villiminks hefur orðið vart. Heimilt er þó að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 9. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Jónas Pétursson, frsm.	Sverrir Júlíusson.	Björn Pálsson.